

# EFNISTAKA Í LANDI HJALLATORFU Í LAMBAFELLI, SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI

## Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Árvéla sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Árvéla byggði á auglýstri frummatskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og afstöðu Árvéla til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Árvéla hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif efnistökkunnar úr Hjallatorfu í Lambafelli séu sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Þau áhrif verði talsvert neikvæð en til mótvægis kemur að efnistaka úr aðliggjandi efnistökusvæðum í Lambafelli er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á grunn- eða neysluvatn, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarslysum verði í algjöru lágmarki.

Skipulagsstofnun telur brýnt að við frágang námunnar í Hjallatorfu í Lambafelli verði náið samstarf við rekstrarhafa aðliggjandi námu og að báðir aðilar gangi frá námunum með sömu markmið að leiðarljósi. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og á nálægum hlíðum og að uppgræðsla svæðisins hafi það að markmiði að stuðla að framvindu þess gróðurs sem fyrir er á svæðinu. Nauðsynlegt er að rekstraraðilar aðliggjandi náma í norðaustanverðu Lambafelli sammælist um að, eftir að efnistöku lýkur, ganga frá svæðinu sem samfelldri heild.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	3
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
3.1	Áhrif á menn og samfélag .....	5
3.2	Áhrif á menningarminjar .....	6
3.3	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag .....	6
3.4	Áhrif á jarðmyndanir .....	8
3.5	Áhrif á vatnafar .....	9
3.6	Áhrif á gróður og dýralíf .....	9
3.7	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	10
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	10

Skipulags  
stofnun

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 4. júní 2008 sendi Línuhönnun f.h. Árvéla, frummatsskýrslu um efnistöku í landi Hjallatorfu í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 20. júní 2008 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 20. júní til 2. ágúst 2008 á bæjarskrifstofum Ölfuss og Bókasafni Þorlákshafnar, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.lh.is](http://www.lh.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfus, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Línuhönnunar.

Þann 22. september 2008 sendi Línuhönnun matsskýrslu um efnistöku í landi Hjallatorfu í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka í landi Hjallatorfu í Lambafelli, Sveitarfélaginu Ölfusi. 20. júní 2008.

#### Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 27. júní 2008.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. júní 2008.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 14. júlí 2008.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. júlí 2008.

Engin athugasemd barst á kynningartíma

**Matsskýrsla:** Efnistaka í landi Hjallatorfu í Lambafelli, Sveitarfélaginu Ölfusi. 12. september 2008.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að Árvélar sf. áformi að halda áfram núverandi vinnslu á efni úr Lambafelli á næstu árum. Náman sé í landi Hjallatorfu í sveitarfélaginu Ölfus, við Þrengslaveg í u.þ.b. 30 km fjarlægð frá Reykjavík. Efnistakan felist í áframhaldandi vinnslu í námu sem tekið hafi verið úr á undanförunum áratugum. Heildarflatarmál efnistökkunnar samkvæmt aðalvalkosti framkvæmdaraðila sé um 18 ha. Áætluð efnistaka úr námunni sé u.þ.b. 600.000 – 900.000 m<sup>3</sup> á ári. Í mati á umhverfisáhrifum séu því metin umhverfisáhrif námuvinnslu á heildarmagni 27.000.000 m<sup>3</sup>. Áætlað sé að vinna það magn á næstu 30 árum, eða til ársins 2038.

Þrátt fyrir að náman hafi verið starfrækt um langt skeið þarf samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um náttúruvernd nr. 44 frá 1999, að afla námunni framkvæmdaleyfis enda sé gert ráð fyrir að náman verði efnistökkustaður til framtíðar. Því beri að fjalla um framkvæmdina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fram kemur að náma Árvéla í Lambafelli sé ein stærsta náman í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í námunni sé unnið bögglaberg í ýmsa efnisflokka sem henti mjög vel sem burðarhæft fyllingarefni undir vegi, götur og byggingar. Mikil þörf verði fyrir bögglaberg um fyrirsjáanlega framtíð. Reiknað sé með notkun þess í allar helstu framkvæmdir sem skipulagðar hafa verið undanfarin ár. Markmið efnisnámsins sé að tryggja góðan aðgang að bögglabergsnámum og jafnframt haga vinnslu og flutningi þannig að umhverfisáhrif verði í lágmarki.

Fram kemur að framkvæmdaraðili fyrirhugi að sækja um starfsleyfi fyrir tippsvæði eða móttöku á jarðvegsúrgangi, milli vinnslusvæðisins og landamarka við Þrengslaveg. Sá jarðvegur yrði þá nýttur til landmótunar á svæðinu og til að byrgja sýn inn á námusvæðið. Gert sé ráð fyrir að mótuð verði mön frá fjallshlíðinni við syðri hlið námunnar. Markmiðið sé að mönin verði sem eðlilegast framhald af hlíðinni. Áætlað sé að mönin verði hæst þar sem hún liggja að fellinu u.þ.b. 60 metrar frá botni námunnar og lækki niður í u.þ.b. 20 metra hæð þar sem hún endi. Lengd manarinnar sé áætluð 300 metrar.

Fram kemur að efnistökusvæði Árvéla í Hjallatorfu liggja að efnistökusvæði Jarðefnaiðnaðar ehf. í norðausturhlíð Lambafells. Mörk efnistökusvæðanna liggja fyrir og samráð hafi verið haft um vinnsluáætlun svæðanna og sameiginleg mörk þeirra. Gert sé ráð fyrir að unnið verði út frá mörkum efnistökusvæðanna tveggja til beggja átta. Ekki sé ljóst hvort vinnsluhraði þessara náma verði sá sami, en fyrirtækin Árvélar og Jarðefnaiðnaður muni hafa með sér samráð um afmörkun, vinnslutilhögun og frágangsaætlanir námusvæðanna, þar eð þau liggja saman. Efnistaka Jarðefnaiðnaðar geri það að verkum að sjónræn áhrif af völdum efnistöku í Lambafelli verði önnur en ef einungis er unnið efni í námu Árvéla.

**Kostir.** Í matsskýrslu kemur fram að *valkostur framkvæmdaraðila* geri ráð fyrir því að halda suðausturhlíð fellsins ósnortinni en vinna sig inn í fellid á bak við hlíðina. Áhersla verði lögð á að breikka vinnslusvæðið eftir því sem innar dregur, þ.e. stallana frá suðri til norðurs. Með þessu móti verði mynduð skál inn í fellid. Þessi vinnslutilhögun sé sett fram með það í huga að efnisnámið verði eins lítið áberandi og kostur er. Einnig geri breikkun vinnslusvæðisins það að verkum að hægt sé að ýta niður efni án þess að mokstur fari fram í sömu skriðu. Með því verði tilfærsla á efni skilvirkari og öruggari og líkur á því að vinnutæki verði fyrir grjóthruni minnka. Nú nái vinnslusvæðið í u.þ.b. 400 m.y.s. og sé stálið unnið í tveimur stöllum. Stallarnir séu síðan unnir smám saman niður í botn námunnar sem er í um 280 m.y.s. Fyrirhugað vinnslusvæði nái upp í u.þ.b. 520 m.y.s. og sé áætlað heildarflatarmál efnistöku um 18 ha. Gert sé ráð fyrir því að skipta efnistökunni í þrjá áfanga sem hver um sig sé áætlaður fyrir u.þ.b. 10 ára vinnslutímabil. Hverjum áfanga verði síðan skipt niður í stalla þar sem efni sé ýtt niður í skriðu. Reiknað sé með að u.þ.b. 3-4 stallar verði í notkun á hverjum tíma innan hvers áfanga. Hver stallur verði um 70-100 m á dýpt, 150-200 m langir og í mismunandi hæð.

**Kostur 2.** Í matsskýrslu kemur fram að *valkostur 2* geri ráð fyrir því að vinna námuna að landamörkum bæði til suðurs og norðurs eða á öllu því svæði þar sem Árvélar hafa námurétt. Unninn yrði reglulegur geiri inn í fjallið. Sé unnið sama efnismagn úr námunni, eða 27.000.000 m<sup>3</sup>, nái vinnslusvæðið upp í u.þ.b. 475 m.y.s., þ.e. nokkuð lægra en valkostur framkvæmdaraðila og sé áætlað heildarflatarmál efnistöku um 31 ha. Að öðru leyti yrði náman unnin með sama hætti og samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila. Að mati Árvéla sé þessi kostur ekki heppilegur út frá umhverfissjónarmiðum. Með honum sé ekki komið til móts við þau sjónarmið um að halda suðausturhlíð fjallsins óskertri og minnka þannig sýnileika námunnar. Við

umfjöllun sveitarfélagsins Ölfuss um efnistöku í Lambafelli hefur komið fram það sjónarmið að stefna eigi að því að halda suðausturhlíðum fjallsins óskertum. Valkostur 2 væri ekki í samræmi við þá stefnu.

*Núllkostur.* Í matsskýrslu kemur fram að með áframhaldandi vinnslu efnis úr Lambafelli sé komið í veg fyrir að hefja þurfi efnisnám á nýjum stað. Stuðlað sé að því að tryggja efni á sanngjörnu verði sem unnið verði úr námu með tilskilin leyfi þar sem efnistöku sé hagað á þann hátt að sem minnst áhrif verði á umhverfið. Stöðvun efnistöku úr Lambafelli myndi leiða til meiri efnistöku úr öðrum námu, styttri endingartíma annarra náma, vinnslu á nýjum stöðum og verðhækkana á fyllingarefni. Að teknu tilliti til hagkvæmni í vinnslu, fjarlægðar og hugsanlegra umhverfisáhrifa sé áframhaldandi efnistaka úr Lambafelli einn besti kostur sem völ er á í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Núllkostur sé því ekki raunhæfur.

*Frágangur í verklok.* Umhverfisstofnun benti í umsögn sinni á að fláar ættu að vera sem næst upprunalegum landhalla. Árvélar hafa aftur á móti bent á að á vinnslutíma yrðu fláar mun brattari, en að lokinni efnistöku yrðu þeir um 1:1 og eftir að námunni verði lokað muni náttúrulegir rofferlar hjálpa til við að gera hliðina náttúrulegri og til lengri tíma munu fláar verða flatari. Árvélar muni taka tillit til ábendinga Umhverfisstofnunar og reyna að ganga frá fláa í sem sem næst upprunalegum landhalla. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að haugsetning moldar geti haft í för með sér fohættu og því ætti ekki eingöngu að flytja hana á svæðið þegar langt er liðið á efnistöku. Auk þess sem gæta þurfi að því að moldin nýtist við endurheimt grenndargróðurs. Árvélar benda á að hluta yfirborðsefnis verði að geyma á fjallinu því hluti vinnsluáætlunar felist í því að nýta það efni við frágang námunnar. Árvélar muni ryðja yfirborðsefninu niður í jaðar námusvæðisins og koma því fyrir á vinnslusvæðinu og í mön sem lagt er til að gera við útmörk vinnslusvæðisins. Þá útfærslu þurfi að vinna í samráði við Umhverfisstofnun, Sveitarfélagið Ölfus og rekstrarhafa aðliggjandi námu. Árvélar áformi að taka á móti aðfluttu efni meðan að mótun manarinnar standi yfir. Árvélar taka undir ábendingar Umhverfisstofnunar og ætla að móta mönina til samræmis við nánasta umhverfi eins og kostur er. Jafnframt verði þess gætt að ráðast ekki í sáningu gróðurs sem stinga muni í stúf við nánasta umhverfi. Því verði ekki lagt til að sá grasi í mönina heldur leitað annarra leiða til að ná fram áferð og útliti sem er í samræmi við aðliggjandi umhverfi.

**Skipulagsstofnun** telur brýnt að við frágang námunnar í Hjallatorfu verði náið samstarf við rekstrarhafa aðliggjandi námu og að báðir aðilar gangi frá námunum með sömu markmið að leiðarljósi. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og náttúrulegur halli á nálægum hlíðum og að uppgræðsla svæðisins hafi það markmið að stuðla að framvindu þess gróðurs sem fyrir er á svæðinu. Nauðsynlegt er að rekstraráðilar aðliggjandi náma í norðaustanverðu Lambafelli stefni að því að skilja við svæðið sem eina samfellda heild þrátt fyrir að tveir aðilar hafi starfað þar hlið við hlið.

### 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt matsskýrslu er efnisvinnslan í Lambafelli í samræmi við skipulagða landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014. Í greinargerð aðalskipulags Ölfuss kemur fram að nægt framboð efnistökusvæða falli vel að markmiðum bæjarstjórnar. Efnisnámur styðji við byggingastarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag og stuðli þessi námuvinnsla að því markmiði

sveitarfélagsins að hafa sem fæstar námur. Áhrif efnisvinnslunnar á samfélag og landnotkun verði lítil og fremur jákvæð en neikvæð.

Fram kemur að 150 - 200 bílar fari að jafnaði um námuna daglega. Árið 2006 hafi meðalumferð um Þrengslavegin verið rúmlega 1.200 bílar á dag. Ásókn í efni úr námunni sveiflist í takt við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Ekki sé sérstök afrein af Þrengslavegi fyrir malarflutningabíla en beygjan inn á námuvegin sé rúm og eigi ekki að hafa áhrif á umferð um Þrengslaveg. Ekki sé gert ráð fyrir að umferð malarflutningabíla aukist á vinnslutíma námunnar.

Í matsskýrslu kemur fram að svæðið hafi sjónrænt gildi fyrir ferðamenn og þá sem leið eiga um Þrengslaveg enda sé vegurinn fjölfarinn og liggi rétt við námuna. Engin skipulögð útivistarsvæði séu í nánd við efnistökuastaðinn, en nokkrar gönguleiðir séu í nánasta nágrenni svæðisins auk þess sem nokkuð er um það að gengið sé á Lambafell. Hugsanleg áhrif á útivist og ferðamennsku séu einkum í tengslum við ónæði af völdum efnistökkunnar eða áhrifa á landslag og sjónræna þætti. Sýnileiki valkosta 2 verði meiri frá fjallendinu sunnan Helligheiðar og því muni valkostur 2 líklega hafa í för með sér neikvæðari áhrif á útivist en valkostur framkvæmdaraðila. Vægi áhrifa vegna valkosta 2 á útivist og ferðamennsku séu að öðru leyti sambærileg við valkost framkvæmdaraðila.

**Skipulagsstofnun** telur að áframhaldandi efnistaka úr Hjallatorfu í Lambafelli hafi ekki bein áhrif á vinsælar gönguleiðir eða annars konar útivist á svæðinu. Hins vegar hafi efnistakan nokkur óbein neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks í nágrenni Lambafells þar sem hún stingur í stúf við lítt raskaðar jarðmyndanir sem fyrir augu ber. Skipulagsstofnun er sammála framkvæmdaraðila um að valkostur 2 sé lakari m.t.t. áhrifa á útivist og ferðamennsku.

### 3.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að við vettvangskonunnun hafi engar fornleifar komið í ljós og litlar líkur eru á að þær finnist á svæðinu. Engar heimildir séu um að þarna kunni að leynast fornleifar og hafi efnistakan því engin áhrif á fornleifar. Finnist fornleifar við framkvæmdirnar muni framkvæmdaraðili stöðva framkvæmdir uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort megi halda þeim áfram og með hvaða skilmálum.

**Skipulagsstofnun** telur hverfandi líkur til þess að framkvæmdirnar hafi neikvæð áhrif á menningarminjar.

### 3.3 SJÓNÆN ÁHRIF OG ÁHRIF Á LANDSLAG

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka í Lambafelli sé sýnileg af þjóðvegi 1 frá mislægum gatnamótum í Svínahrauni og upp á Helligheiði. Jafnframt sé hún sýnileg frá Svínahraunsbruna, láglendi í kringum Kolviðarhól og aðliggjandi fjalllendi vestan við námuna. Það sé þó misjafnt eftir svæðum hversu mikið það er. Náman sé mest áberandi á svæðunum næst henni, þ.e. frá Svínahraunum yngri og eldri, og frá Húsmúla og hluta Skarðsmýrarfjalls og Reykjafells. Á Helligheiði sjáist einungis í efri hluta námunnar og það sama gildir frá aðliggjandi hlíðum Skálafells, Stóra-Sandfells og Stórameitils. Náman verði ekki sýnileg frá Þrengslum eða Þrengslavegi eða frá fjallendinu vestan námunnar ef unnið verði samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila. Ef suðausturhlíð námunnar væri unnin niður eins og gert sé ráð fyrir í valkosti 2 myndi hins vegar sjást inn í námuna frá því svæði. Að öðru leyti sé munur á sýnileika valkosta framkvæmdaraðila og valkosta 2 falinn í því að valkostur

2 myndi ná nokkuð lægra upp í hlíðar Lambafells og áhrifasvæðið minnka að einhverju leyti.

Fram kemur að jarðmyndanir, hraun, gígar og stapar séu áberandi einkenni landslags á svæðinu umhverfis Lambafellsnámu. Tiltölulega ungur aldur þessara jarðmyndana og hæð lands yfir sjávarmáli geri það að verkum að svæðið sé tiltölulega gróðursnautt og einsleitt m.t.t. gróðurfars. Verndargildi jarðmyndana eins og Lambafells hafi verið staðfest af stjórnvöldum með stefnumótun um sjálfbæra þróun. Þar sé lagt mikið upp úr að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem séu óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. móbergsfjöll. Í sama stefnuskipti komi fram að æskilegt sé að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námasvæðum þar sem fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Námuvinnsla hafi verið stunduð í Lambafelli í hátt í 50 ár og sé því ekki um að ræða óraskað móbergsfjall. Áframhaldandi vinnsla á þessum stað stuðli að því að nám jarðefna fari fram á stærri og færri stöðum. Hraun og eldborgir umhverfis Lambafell njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig hafi svæði umhverfis Lambafell verið afmarkað sem svæði á náttúruinvaskrá og það hafi einnig verið í tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004-2008. Í báðum tilfellum sé Lambafell og námusvæðið undanskilið. Fyrirhuguð efnistaka muni hvorki fara inn á þessi svæði, né hafa í för með sér röskun jarðmyndana sem njóti sérstakrar verndar frekar en þegar hafi verið gert t.d. með gerð aðkomuvegar að námunni á sínum tíma.

Fram kemur að beinna áhrifa á landslag gæti þegar í hlíðum fjallsins. Aukin efnistaka muni færa raskað svæði innar og ofar í hlíðar þess og geil sem þegar hafi myndast í fjallið muni stækka. Reynt sé að forma efnistökusvæðið á þann hátt að aðliggjandi hlíðar í Þrengslunum raskist ekki. Jafnframt muni efnistaka í Hjallatorfu ekki raska hlíðinni til vesturs meira en þegar er orðið. Áhrif á náttúrulegt yfirbragð Lambafells muni þó aukast frá því sem nú er. Áhrifin séu varanleg og óafturkræf. Með efnistökuáætlun samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila sé gert ráð fyrir því að minnka sýnileika efnistökusvæðisins með því að láta svæðið breikka þegar innar dregur en útvíkka ekki mynni námunnar frá því svæði sem þegar hafi verið raskað. Náman sé ekki sýnileg frá Þrengslavegi í dag og mun ekki verða það samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila. Svæðin sem viðkvæmust séu m.t.t. sjónrænna áhrifa séu útivistarsvæði í fjalllendinu sunnan Hellisheiðar og á Hellisheiði sjálfri. Fjölsóttustu útivistarsvæðin á Hellisheiði séu í nokkurri fjarlægð en þó sé náman vel sýnileg frá hluta þessara svæða. Á svæðinu frá Gráuhnúkum að Skálafelli sé náman sýnileg frá hlíðum og fjallstoppum. Ummerki námunnar muni aukast frá því sem nú er. Þeirra muni gæta hærra í Lambafellinu og náman verða dýpri. Við gerð vinnsluáætlunar samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila hafi verið leitast við að halda suðausturhlíð námunnar ósnertri og verði hún ekki sýnileg frá Þrengslavegi. Jafnframt hafi verið leitast við að breikka ekki mynni námunnar meira en sem nemi núverandi efnisvinnslusvæði og halda með því móti núverandi hlíðum utan efnistökuáætlunar sem mest óskertum. Við ákvörðun frágangsfláa sé lagt til að halda fláafæti í minni halla en sé á hlíðinni til að ná fram náttúrulegra formi á lokaútlit námunnar. Lagt sé til að geyma lífrænt efni ofan námunnar og ýta því fram af að efnistöku og frágangi loknum til að freista þess að ná fyrr fram náttúrlegri áferð á námustálinu. Þannig blandist lífrænt efni við jarðefni í frágenginni hlíðinni og setjist að einhverju leyti til þar og í skriðufæti. Bein áhrif framkvæmdarinnar á landslag taki ekki til umfangsmikils svæðis en sýnileiki framkvæmdarinnar sé talsverður en ummerki námunnar séu þegar komin fram að talsverðu leyti. Áhrifin séu staðbundin, varanleg

og óafturkræf. Ef efnistakan yrði samkvæmt valkosti 2 yrði sýnileiki hennar meiri frá fjallendinu sunnan Hellisheiðar. Á móti komi að náman muni ná lægra upp í hlíðar Lambafells. Frá Þrengslum og svæðum sunnan Lambafells séu mun meiri sjónræn áhrif af valkosti 2 miðað við valkost framkvæmdaraðila.

*Samanlögð áhrif með námu Sveitarfélagsins Ölfuss (náma Jarðefnaiðnaðar).* Fram kemur að aðliggjandi náma Jarðefnaiðnaðar í landi Sveitarfélagsins Ölfuss breikki frekar vinnslusvæðið til vesturs og verði meira áberandi heldur en ef eingöngu yrði tekið efni úr Hjallatorfu. Þegar vinnslu verði lokið í námunum sé hægt að ganga þannig frá að ásýnd hlíðarinnar jafni sig á einhverjum árum. Gert sé ráð fyrir að gengið sé með sambærilegum hætti frá námu Jarðefnaiðnaðarins og námu Árvéla, þ.e. með sama frágangsfláa. Niðurstaðan er sú að neikvæð sjónræn áhrif af fyrirhugaðri efnistöku Árvéla og Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli séu talsverð.

*Efnistaka Árvéla úr Hjallatorfu.* **Skipulagsstofnun** telur að ef efnistöku í Hjallatorfu verði háttáð samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila þá verði sjónræn áhrif minni heldur en ef valkostur 2 yrði fyrir valinu. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að valkostur framkvæmdaraðila felur í sér að syðsti hluti Lambafells helst óraskaður sem gerir það að verkum að námusvæði Hjallatorfu sést ekki frá Þrengslavegi sunnan Lambafells. Ef efnistökkunni yrði háttáð samkvæmt valkosti 2 yrðu sjónræn áhrif mun meiri þar sem áhrif efnistökkunnar myndu blasa við hverjum þeim sem ferðast eftir Þrengslavegi sunnan úr Ölfusi til norðurs. Skipulagsstofnun telur að ekki verði hjá því komist að áhrif efnistökkunnar á landslag verði talsvert neikvæð og óafturkræf.

*Efnistaka Jarðefnaiðnaðar úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss.* **Skipulagsstofnun** telur að valkostur Jarðefnaiðnaðar við efnisnám úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss, þ.e. tillaga 1a, feli í sér meiri sjónræn áhrif en ef efnisnáminu verði háttáð samkvæmt tillögu 2. Því veldur fyrirkomulag efnistökkunnar sem veldur því að efnistakan mun sjást greinilegar úr norðri þar sem gert er ráð fyrir að norðuröxl Lambafells verði numin í burtu strax í fyrsta áfanga. Tillaga 2 gerir hins vegar ráð fyrir því að vesturöxlin fái að halda sér. Skipulagsstofnun telur að til að draga eins og kostur er úr sjónrænum áhrifum efnistöku úr landi Sveitarfélagsins Ölfuss þá sé ráðlegt að breyta tilhögun við efnistöku frá því sem Jarðefnaiðnaður áformar. Skipulagsstofnun telur að draga megi úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því að fylgja tillögu 2 í fyrsta áfanga að því leyti að efnistaka úr austuhlíð fellsins nái ekki lengra til norðurs heldur en nú hefur verið raskað og ekki verði tekið efni úr hlíðinni lengra til norðurs fyrir en í lok efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur að með því móti verði unnt að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar til norðurs, a.m.k. þar til að ráðist verði í þann áfanga í lokin.

*Samanlögð áhrif efnistöku Árvéla og Jarðefnaiðnaðar úr norðaustanverðu Lambafelli.* **Skipulagsstofnun** telur óhjákvæmilegt að svo umfangsmikil efnistaka úr Lambafelli úr námu Sveitarfélagsins Ölfuss og Hjallatorfu muni hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að efnistöku á suðvesturhorni landsins sé betur komið í fáum stórum námum þar sem skipulega er gengið til verks eftir fyrirfram ákveðnu verklagi í stað þess að efni sé tekið vítt og breytt í jarðmyndunum með tilheyrandi slóðagerð og öðru raski.

### 3.4 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að Lambafell í Ölfusi er móbergsstapi sem hafi byggst upp undir jökli á síðari hluta ísaldar eða fyrir minna en 0,7 milljónum ára. Neðsti og



stærsti hluti Lambafells sé gerður úr grófkorna skálöguðu móbergi sem nái upp undir 420 m.y.s. Þar ofan við skiptast á mismunandi grágrýtis- og móbergslög. Á efnistökusvæði Árvéla sé u.þ.b. 100 m þykkt grágrýtislag. Fram að þessu hafi efni í námu Árvéla verið unnið úr skálaga móbergi eða bólstrabergi sem grunnur Lambafells sé úr og nú sé fyrirhugað að vinna einnig efni úr grágrýti sem liggja yfir bólstraberginu. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun er fjallað um að forgangsmál sé að vernda landslag og sérstæð náttúrufrýrbæri sem séu einkennandi fyrir landið, t.d. móbergsfjöll. Í sama stefnuskjali kemur fram að æskilegt sé að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námasvæðum þar sem fáar og stórar námur hafi minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Aðkeyrsla að námum og vinnsluplaninu liggja á Svínahrauni sem njóti verndar skv. 37. laga um náttúruvernd. Ekki þurfi að raska hrauninu frekar en þegar hafi verið gert. Með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum um jarðfræði og jarðmyndanir, einkennum áhrifa sem m.a. eru neikvæð og óafturkræf en taka ekki til umtalsverðs svæðis, er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á jarðfræði og jarðmyndanir verði talsvert neikvæð. Ekki er talinn verulegur munur á áhrifum framlagðra valkosta á þennan þátt.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að áhrif efnistöku í Hjallatorfu í Lambafelli hafi talsverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir og telur óverulegan mun á áhrifum valkosta.

### 3.5 ÁHRIF Á VATNAFAR

Í matsskýrslu kemur fram að námusvæðið sé ekki á vatnsverndarsvæði. Grunnvatnsstreymi á svæðinu sé talið til suðurs, Selvogsstraumur og úr austasta hluta hans fái þéttbýlið í Þorlákshöfn sitt neysluvatn. Vegna lítils yfirborðsrennslis sé erfitt að mæla og vakta mengun í ám og lækjum. Að mati framkvæmdaraðila séu litlar líkur á að vatn mengist vegna framkvæmdanna, en til þess þurfi mengunarslys. Á svæðinu sé geymdur um 7.000 lítra olíutankur sem þjóni vinnuvélum en auk þess séu olíuvörur geymdar í gámi á svæðinu. Ef upp komi olíuleki verði um fremur lítið magn að ræða. Lögð verði áhersla á gott ástand vinnuvéla og þess gætt að lek tæki verði ekki á svæðinu. Áhrif á vatnsvernd séu talin óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur líklegt því að áhrif framkvæmdanna á vatnafar, þar með talið grunn- og neysluvatn, verði óveruleg. Til að grunnvatn spillist þarf að eiga sér stað mengunarslys en vegna þess hve lítið er geymt af varasömum eignum já svæðinu er ekki líklegt að alvarlegt slys gæti átt sér stað. Engu að síður telur Skipulagsstofnun rétt að við útgáfu starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði skoðað hvort ástæða kunnri að vera til að setja sérstök ákvæði um geymslu og meðferð hættulegra efna þar sem gljúpar jarðmyndanir á svæðinu eru lítil sem enginn fyrirstaða ef hættuleg fljótandi efni berast í umhverfið. Verði þess gætt telur Skipulagsstofnun að áhrif efnistökkunnar á vatnsgæði verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur engan mun á áhrifum framlagðra valkosta á þennan þátt.

### 3.6 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

*Gróður.* Í matsskýrslu kemur fram að svæðið hafi ekki sérstöðu hvað varði tegundafjölbreytni. Ekki hafi fundist tegundir sem séu friðlýstar eða á valista. Efnisnámið hafi haft greinileg áhrif á hraungambrann nærri námusvæðinu. Mosapemban sé þar rofin að stórum hluta og má gera ráð fyrir því að þessu valdi sandur og ryk sem berist frá námasvæðinu. Mikilvægt sé að huga vel að frágangi efnistökusvæða eftir að efnistöku lýkur og eiga samstarf við sérfræðinga um

uppgræðslu svæða. Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar óveruleg. Valkosti 2 myndi óhjákvæmilega fylgja meira rask á gróðri í suðausturhlíðum Lambafells.

*Fuglar.* Í matsskýrslu kemur fram að aðeins hafi þrjár tegundir fugla sést við vettvangsathugun, þ.e. steindepill, þúfutittlingur og stelkur. Áhrif á fugla séu talin óveruleg.

**Skipulagsstofnun** er sammála þeim vægisáhrifum sem fram koma í matsskýrslu og telur áhrif efnistöku á gróður og fugla óveruleg fyrir báða kosti.

### 3.7 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku í Hjallatorfu í Lambafelli bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir efnistöku á tveimur stöðum í Lambafelli í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, en unnið er að endurskoðun þess og er efnistaka í Hjallatorfu í samræmi við áætlaðar breytingar á því.
- Vinna þarf deiliskipulag af efnistökusvæðunum í Lambafelli.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005 hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Árvéla sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Árvéla byggði á auglýstri frummatskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og afstöðu Árvéla til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Árvéla hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif áframhaldandi efnistöku úr Hjallatorfu í Lambafelli séu sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Þau áhrif verði talsvert neikvæð en til mótvægis kemur að efnistaka Jarðefnaiðnaðar og Árvéla í Lambafelli er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að áhrif efnistöku á grunn- eða neysluvatn verði verulega neikvæð, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarslysum verði í algjöru lágmarki.

Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að svo umfangsmikil efnistaka úr Lambafelli úr aðliggjandi námum Sveitarfélagsins Ölfuss og Hjallatorfu muni hafa talsvert neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Skipulagsstofnun telur að ef efnistöku í Hjallatorfu verði háttáð samkvæmt valkosti framkvæmdaraðila þá verði sjónræn áhrif minni heldur en ef valkostur 2 yrði fyrir valinu. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að valkostur

framkvæmdaraðila felur í sér að syðsti hluti Lambafells helst óraskaður sem gerir það að verkum að námusvæði Hjallatorfu sést ekki frá Þrengslavegi sunnan Lambafells. Ef efnistöku úr Hjallatorfu yrði háttáð samkvæmt valkosti 2 yrðu sjónræn áhrif mun meiri þar sem áhrif efnistökkunnar myndu blasa við hverjum þeim sem ferðast eftir Þrengslavegi sunnan úr Ölfusi til norðurs. Skipulagsstofnun telur að ekki verði hjá því komist að áhrif efnistökkunnar á landslag verði talsvert neikvæð og óafturkræf. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að efnistöku á suðvesturhorni landsins sé betur komið í fáum stórum nánum þar sem skipulega er gengið til verks eftir fyrirfram ákveðnu verklagi í stað þess að efni sé tekið vítt og breytt í jarðmyndunum með tilheyrandi slóðagerð og öðru raski. Skipulagsstofnun telur óverulegan mun á áhrifum mismunandi kosta við efnisnám í Hjallatorfu á menn og samfélag, menningarminjar, vatnafar, gróður og dýralíf.

Skipulagsstofnun telur brýnt að við frágang námunnar í Hjallatorfu í Lambafelli verði náð samstarf við rekstrarhafa aðliggjandi námu og að báðir aðilar gangi frá námunum með sömu markmið að leiðarljósi. Þar telur Skipulagsstofnun brýnast að halli fláa verði svipaður og á nálægum hlíðum og að uppgræðsla svæðisins hafi það að markmiði að stuðla að framvindu þess gróðurs sem fyrir er á svæðinu. Nauðsynlegt er að rekstraraðilar aðliggjandi náma í norðaustanverðu Lambafelli gangi, eftir að efnistöku er lokið, frá og skilji við svæðið sem eina samfellda heild þrátt fyrir að tveir aðilar hafi starfað þar hlið við hlið.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögum og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Reykjavík, 30. október 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson